

Alþingi
Erindi nr. P 133/267
komudagur 24. 11. 2006



Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 24. nóvember 2006

Umsögn frá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins (LSR) og Lífeyrissjóði hjúkrunarfræðinga (LH) um mál nr. 233 á 133. löggjafarþingi, frumvarp til laga um breytingar á lagaákvæðum um lífeyrissjóði.

Háttvirt efnahags- og viðskiptanefnd hefur með bréfum, dags. 9. nóvember sl., beðið LSR og LH um umsögn um framangreint mál.

Eins og segir í athugasemdum við frumvarpið þá eru þar lagðar til tvíþættar breytingar á lögum er varða lífeyrissjóði. Annars vegar að lágmarksiðgjald til lífeyrissjóða verði hækkað úr 10% í 12% og hins vegar möguleika lífeyrissjóða sem njóta, eða nutu bakabyrgðar ríkis, sveitarfélaga eða banka til að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum sínum í samræmi við ákvæði 2. mgr. 39. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997. Síðari breytingin opnar þeim sjóðum sem njóta bakabyrgðar sveitarfélaga eða banka heimild til breytinga á réttindagrundvelli sem áður var ekki heimilt sbr. 54. gr. laga nr. 129/1997. Þar sem LSR og LH starfa samkvæmt sérlögum þurfa samþykktir sjóðsins að eiga sér stoð í þeim lögum. Því er það skilningur LSR og LH að sú breyting er varðar heimild til samþykktabreytinga til samræmis við 2. mgr. 39. gr. laga nr. 129/1997 taki ekki til LSR eða LH. Hér eru því aðeins skoðuð þau áhrif sem hækkan á lágmarksiðgjaldi hefur úr 10% í 12%.

Breyting á lágmarksiðgjaldi til A-deildar LSR, 5. gr. frv.

Breyting á iðgjaldi til A-deildar LSR í 1. og 3. málsl. 4. mgr. 13. gr. laga nr. 1/1997 hefur þann tilgang að tryggja að mótframlag launagreiðanda geti aldrei farið niður fyrir skilgreind mörk. Þar sem mótframlag launagreiðanda til A-deildar LSR er endurskoðað árlega og hefur verið 11,5% allt frá stofnun A-deildar hefur breytingin sem lögð er til með frumvarpinu ekki í för með sér breytingu á iðgjaldaskilum frá því sem verið hefur.

Breyting á lágmarksiðgjaldi til B-deildar LSR og LH, 6. - 11. gr. frv.

Hækkun á iðgjaldi til B-deildar og LH hefur áhrif til styrkingar á fjárhagslegri stöðu sjóðanna og þar með áhrif á bakábyrgð ríkisins samkvæmt 32. gr. laga nr. 1/1997 og bakábyrgð ríkisins og annarra launagreiðanda skv. 18. gr. laga nr. 2/1997.

Með umburðarbréfi fjármálaráðuneytisins nr. 1/1998 var tilkynnt um þá ákvörðun að allar stofnanir ríkisins og aðrir aðilar sem fá fjárveitingar á fjárlögum til launagreiðslna skuli greiða sama iðgjald til B-deildar og greitt er til A-deildar. Iðgjald launagreiðanda varð því 11,5% af heildarlaunum sem felur í sér að sömu launatengdu gjöldin eru greidd hvort sem starfsmaður er í A- eða B-deild LSR. Iðgjald til B-deildar og LH sem er umfram skyldubundið framlag reiknast sem innborgun upp í lífeyrisskuldbindingar viðkomandi stofnunar.

Í þeim tilvikum sem sjóðfélagar í B-deild LSR og LH hafa greitt iðgjald í 32 ár eða hafa náð hinni svokölluðu 95 ára reglu verða þeir iðgjaldafríir. Eftir það ber launagreiðanda að greiða heildariðgjald sjóðfélagans. Verði frumvarpið að lögum leiðir það til þess að lágmarksiðgjald launagreiðanda verður 12% fyrir umrædda sjóðfélaga. Iðgjald launagreiðanda samkvæmt fyrrgreindu umburðarbréfi nr. 1/1998 sem er 11,5% mun því ekki duga til greiðslu lágmarksiðgjalds til þeirra sjóðfélaga sem orðnir eru iðgjaldafríir og vinna aðeins dagvinnu. Því þarf, ef frumvarpið verður að lögum, að útlista með hvaða hætti breyta skuli framkvæmd á iðgjaldaskilum sem gerð eru samkvæmt umburðarbréfi nr. 1/1998.

Hækkun á iðgjaldi til B-deildar og LH úr 6% í 8% hefur almennt ekki áhrif til hækkunar á almennum iðgjaldaskilum til þeirra sem fyrrgreint umburðarbréf tekur til þ.e. að frátöldum þeim sjóðfélögum sem orðnir eru iðgjaldafríir og launagreiðanda ber að gera skil á skyldubundnu 12% iðgjaldi. Hjá öðrum launagreiðendum en ríkinu hefur hækkun á iðgjaldi í för með sér hærri iðgjaldaskil en þar er um að ræða mikinn minnihluta launagreiðenda. Hækkun iðgjalds til B-deildar LSR og LH hefur því þau áhrif til skemmri tíma að styrkja fjárhagsstöðu sjóðanna sem nemur herra iðgjaldi þeirra launagreiðenda sem ekki greiddu viðbótariðgjald, sbr. umburðarbréf nr. 1/1998. Til lengri tíma styrkir herra iðgjald fjárhagsstöðu sjóðanna og kemur til með að draga úr bakábyrgð ríkisins sem nemur hækkun á iðgjaldsins, sbr. 32. gr. laga nr. 1/1997 og bakábyrgð ríkisins og annarra launagreiðanda sbr. 18. gr. laga nr. 2/1997.

Tekið skal fram að LSR og LH taka ekki efnislega afstöðu til frumvarpsins og er ofangreint aðeins sett fram til skýringar á áhrifum frumvarpsins á eignir sjóðanna og áhvílandi lífeyrisskuldbindingar.

Virðingarfyllst,
f.h. LSR og LH


Haukur Hafsteinsson, framkvæmdastjóri